



Sjálfsmatsskýrsla
Fjölbrautaskóla Suðurnesja
Skólaárið 2020-2021

Guðlaug Pálsdóttir
Skólameistari

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Innra mat	2
Stefna ríkisaðila	5
Starfsmenn / mannauður	5
Nemendur	6
Nýnemar – árgangur 2004.....	6
Árgangur 2002.....	7
Brotthvarf	7
Hvatning, hrós og líðan.....	8
Nemendur af erlendum uppruna	9
Annað	9

Inngangur

Fjölbrautaskóli Suðurnesja var stofnaður árið 1976 og fagnar því 45 ára afmæli sínu á þessu ári. Skólinn býður fjölbreytt bóklegt og verklegt nám. Undanfarin ár hafa um 1000 nemendur stundað nám í skólanum. Þá hafa 100-150 nemendur grunnskólanna á svæðinu stundað nám í einstökum áföngum. Fjölbrautaskóli Suðurnesja er skóli Suðurnesjamanna. Nemendur hans eru úr öllum byggðarlögum svæðisins auk þess sem alltaf eru í skólanum nokkrir nemendur annars staðar frá. Sveitarfélögin fjögur á Suðurnesjum (Reykjanesbær, Grindavík, Suðurnesjabær og Vogar) reka skólann í samstarfi við ríkisvaldið. Einkunnaorð skólans eru Virðing - Samvinna - Árangur.

Í þessari skýrslu verður farið yfir helstu þætti sem snúa að skólastarfi FS skólaárið 2020-2021. Farið verður stuttlega yfir þau markmið sem sett voru fram í stefnu ríkisaðila og hvernig gengið hefur að ná þeim.

Innra mat

Samkvæmt gildandi lögum um framhaldsskóla ber öllum framhaldsskólum á landinu að meta skólastarfið reglulega, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Á fimm ára fresti er síðan gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skólanna.

Árið 1998 var stofnuð formleg matsnefnd í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og sjálfsmatskerfi skólans var þróað af henni. Í núverandi nefnd sitja Ása Einarsdóttir verkefnastjóri, Garðar Þór Garðarsson, Haukur Viðar Ægisson og Guðmundur Grétar Karlsson aðstoðarskólameistari. Nefndin fundar einu sinni til tvisvar í mánuði. Í skólanámskrá hafa verið sett fram markmið og kannar matsnefnd reglulega hvort þau hafi náðst.

Á hverri önn eru ólíkir þættir skólastarfsins metnir en kennslumat fer þó alltaf fram þar sem kennsla um þriðjungs kennara er metin í hvert skipti. Starfsmannaviðtöl viðkomandi kennara og skólastjórnenda fara fram í kjölfar kennslumatsins.

Haustið 2016 gerði menntamálaráðuneytið síðast úttekt á sjálfsmatsaðferðum skólans og uppfyllir hann bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats.

Starfið litaðist nokkuð af COVID ástandinu og var því minna um formlegt mat á skólaárinu 2020-2021 en undanfarin ár eins og sjá má í töflu 1.

Verkefni matsnefndar haust 2020

Ekki var lagt fyrir kennslumat vegna COVID-19 faraldursins.

Könnun á upplifun kennara á fjarkennslu var lögð fyrir alla kennara. Helstu niðurstöður eru þær að kennurum fannst þeir hafa góðar aðstæður til að sinna fjarkennslunni, bæði í skólanum og heima. Kennarar notuðu aðallega INNU og tölvupóst við fjarkennsluna. Meirihluti kennara fannst vera meira vinnuálag í fjarkennslunni miðað við staðkennslu og kennarar fengu helst aðstoð hjá samkennurum við fjarkennsluna.

Verkefni matsnefndar vor 2021

Lagt var fyrir kennslumat hjá 14 kennurum sem eingöngu kenndu í staðnámi þessa vorönn þ.e. hjá verk- og starfsnámskennurum. Kennarar sem eru í mati fari síðan í framhaldi í viðtal til skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Niðurstöður matsins má sjá á mynd 1.

Lagður var spurningalisti fyrir nemendur Fjölbrautaskóla Suðurnesja til að kanna áhrif samkomutakmarkana vegna COVID-19 á framhaldsskólanemendur á Íslandi. Skólinn var einn af fjórum framhaldsskólum sem tók þátt í þessari rannsókn en hún er hluti af stærra rannsóknarverkefni sem ber heitið *Framhaldsskólinn á tímum COVID19: Kreppa, áskoranir og aðlögun*. Matsnefnd skólans aðstoðaði við að fá svörun með því að ganga í stofur og fá þátttöku nemanda. Ekki er búið að birta niðurstöður.



Könnun á kennslu og kennsluháttum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja vorönn 2021

Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga með því að merkja í viðeigandi reiti

			mög. sammála				
			mjög sammála	frekar sammála	hvoru-ki samm. né ósamm.	frekar ósammála	mjög ósammála
1	Ég sinni náminu vel í þessum áfanga	4,43	5	4	3	2	1
2	Kennarinn er stundvís	4,54	5	4	3	2	1
3	Ég tel að kennarinn undirbúi kennslustundir vel	4,52	5	4	3	2	1
4	Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim á jákvæðan hátt	4,72	5	4	3	2	1
5	Kennarinn fylgir náms- og kennsluáætlun og lætur mig vita ef hún breytist	4,6	5	4	3	2	1
6	Ég er sátt/ur við framkomu kennarans	4,69	5	4	3	2	1
7	Í þessum áfanga er góður vinnuandi	4,5	5	4	3	2	1
8	Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína og vinnu í þessum áfanga	4,48	5	4	3	2	1
9	Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gangrýninn hátt	4,47	5	4	3	2	1
10	Próf og/eða verkefni áfangans eru í samræmi við áherslur í yfirferð	4,49	5	4	3	2	1
11	Mér finnast útskýringar kennarans góðar	4,46	5	4	3	2	1
12	Kennarinn hefur samráð við nemendur um fyrirkomulag, t.d. prófa og verkefna	4,56	5	4	3	2	1
13	Kennarinn hvetur mig áfram í náminu	4,53	5	4	3	2	1
14	Kennarinn hrósar mér fyrir það sem ég geri vel	4,53	5	4	3	2	1
15	Kennarinn beitir fjölbreyttum kennsluáferðum	4,27	5	4	3	2	1
16	Kennarinn nýtir kennslustundir vel til kennslu	4,55	5	4	3	2	1
17	Mér líður vel í þessum áfanga	4,61	5	4	3	2	1
Annað sem þú vilt taka fram:			<i>Meðaltal allra spurninga á vorönn 2021 er 4,53</i>				
			<i>Meðaltal allra spurninga nema spurningar 1 er 4,53</i>				

Mynd 1 Niðurstöður kennslumats á vorönn 2021

Hér fyrir neðan má sjá þá þætti skólastarfsins sem metnir eru reglulega. Vegna COVID-19 faraldursins var starf matsnefndar lítið skólaárið á árunum 2020 og 2021. M.a. féll kennslumat niður árið 2020 en það fer venjulega fram á hverri önn.

Tafla 1 Matshringur Fjölbrotaskóla Suðurnesja

	Haust 2017	Vor 2018	Haust 2018	Vor 2019	Haust 2019	Vor 2020	Haust 2020	Vor 2021
Kennslumat	X	X	X	X	X			X
Líðan starfsmanna			X		X			
Könnun á viðhorfi nemenda til mötuneytis		X			X			
Könnun á viðhorfi starfsmanna til mötuneytis		X			X			
Samskipti nemenda við starfsmenn aðra en kennara	X							
Líðan nemenda		X		X				
Könnun á fjölbreyttu námsmáti				X				
Móttaka nýrra starfsmanna			X		X			
Mat á störfum stjórnenda			X					
Notkun á snjalltækjum í kennslu		X						
Mat á starfi starfsbrautar?								
Kennslukönnun fyrir grunnskólanemendur		X						
Notkun á kennsluumhverfi Innu			X					
Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum	X	X	X	X	X	X	X	X
Könnun á notkun heimasíðu	X	X	X	X	X	X	X	X
Úttekt á stöðu eigna (búnað, viðhald, tæki o.fl.)	X	X	X	X	X	X	X	X

Stefna ríkisaðila

Í þessari skýrslu er farið stuttlega yfir þau markmið sem sett voru fram í stefnu ríkisaðila og hvernig hefur gengið að ná þeim.

Markmið í kjarnastarfsemi:

1. Efla stuðning og aðhald með nemendum til að draga úr brotthvarfi úr námi.
2. Bæta námsárangur og ástundun nemenda þannig að fleiri nemendur ljúki prófi á tilsettum tíma.
3. Nemendur af svæðinu hafi aðgang að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífsins.

Markmið varðandi rekstrarþætti:

1. Aukin stoðþjónusta til að sporna gegn brotthvarfi
2. Bætt nýting fjármuna
3. Efling mannauðs

Starfsmenn / mannauður

Heildarfjöldi starfsmanna á haustönn 2020 var 103. Kennarar voru 69, þroskaþjálfar/iðjuþjálfar fjórir, námsráðgjafar þrír og fjórir stjórnendur. Auk þess voru átta stundakennarar. Annað starfsfólk þ.m.t. fólk á skrifstofu, bókasafni, sem sér um húsvörslu, stuðningsfulltrúar, táknaáskrástúlkur og starfsfólk í eldhúsi voru 14 talsins. Einstaklingur var ráðinn tímabundið til að ganga um skólann og sótthreinsa flesta snertifleti vegna COVID-19 auk þess sem hann aðstoðaði á bóksafni. Ræsting er boðin út og er í verktöku. Á vorönn 2021 var ráðið í þrjár stöður; stöðu kerfisstjóra, skjalastjóra og verkefnisstjóra Menntanets.

Meðalaldur kennara, miðað við núverandi skólaár, er rúmlega 50 ár (50,42). Kennarar sem orðnir eru 60 ára eða eldri eru 15 talsins og 10 til viðbótar eru á milli 55 og 60 ára.

Kynjaskiptingin í kennarahópnum er nánast jöfn. Það eru fimm kennara sem eru án kennsluréttinda en allir eru þeir með fagréttindi.

Í töflu 2 er hægt að bera saman nokkra þætti milli fjögurra haustanna (upphaf fjögurra skólaára) er varðar mannauð skólans og rekstrarþætti tengda kennslumagni.

Tafla 2 *Upplýsingar um starfsmann*

	Haust 2018	Haust 2019	Haust 2020	Haust 2021
Meðalaldur allra starfsmanna	50,03 ár	50,26 ár	48,83 ár	49,97 ár
Meðalaldur kennara	50,87 ár	49,14 ár	49,16 ár	50,42 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í FS	12,3 ár	12,2 ár	11,5 ár	12,7 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í heild	16,4 ár	16,02 ár	15,5 ár	16,4 ár
Kennsluafsláttur, samtals	2514 klst.	2466 klst.	2049 klst.	2367 klst.
Heildarkennslumagn á önn	53.770 klst.	51.464 klst.	53.738 klst.	63.727 klst.
Heildarkennslumagn á viku	2987 klst.	2859 klst.	2985 klst.	3540 klst.
Skerðing vegna endurtekningar áfanga	1016 klst.	1044 klst.	1105 klst.	985 klst.
Aukaverkefni skv. C-hluta	2021 klst.	2881 klst.	3565 klst.	2864 klst.

Talsverður hópur kennara og annars starfsfólks hefur verið að fara á eftirlaun undanfarin ár. Meðalaldur allra starfsmanna og kennara hefur nánast staðið í stað þótt árin líða þar sem yngra fólk hefur verið ráðið í stað þeirra sem hafa hætt vegna aldurs.

Heildarkennslumagn á haustönn 2021 er heldur meira en undanfarnar haustannir en dregið hefur úr skerðingu vegna endurtekningar áfanga.

Það voru 12 kennara sem fengu launaprep vegna alúðar á skólaárinu 2020-2021 sem er aðeins undir viðmiði (15-19).

Nemendur

Nemendur á haustönn 2020 (byrjun september) voru samtals 1012 auk 113 grunnskólanemenda sem voru að taka einstaka áfanga. Kynjaskiptingin er frekar ójöfn þar sem drengir eru 57% og stúlkur 43%. Í töflu 1 má sjá skiptingu nemenda eftir brautum og kyni.

Tafla 3 Nemendur í FS haust 2020

	KK	KVK	Alls	KK%	KVK%	Alls
Framhaldsskólabrautir	168	97	265	29%	22%	26%
Starfsbraut	49	15	64	9%	3%	6%
Stúdent-starfsnám	63	32	95	11%	7%	9%
Stúdent-bóknám	160	226	386	28%	51%	38%
Starfs- og verknám	132	70	202	23%	16%	20%
Samtals	572	440	1012	100%	100%	100%

Nemendum í starfs- og verknámi hefur smám saman verið að fjölga og er ánægjulegt að sjá að 16% stúlkna eru á starfs- og verknámsbrautum. Nær eingöngu stúlkur eru í sjúkraliðanámi í skólanum sem og hárgreiðslu en sífellt fleiri stúlkur eru að velja rafvirkjun.

Nýnemar – árgangur 2004

Nýnemar (árgangur 2004) haustið 2020 voru samtals 249 og má sjá hvernig þeir skiptast á brautir eftir kyni í töflu 2.

Tafla 4 Nýnemar haust 2020

	KK	KVK	alls	% KK	% KVK	% alls
Framhaldsskólabrautir	72	44	116	49%	43%	47%
Starfsbraut	11	4	15	8%	4%	6%
Stúdent-bóknám	21	37	58	14%	36%	23%
Stúdent-starfsnám	13	8	21	9%	8%	8%
Starfs- og verknám	29	10	39	20%	10%	16%
Samtals	146	103	249	59%	41%	100%

Vert að benda á þá staðreynd að 53% nýnema (47+6) uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir en framhaldsskólabrautir og starfsbraut og eru drengir þar í meirihluta þ.e. 57% samanborið við 47% stúlkna. Þetta er sá hópur sem er í hvað mestri brotthvarfshættu og hefur minnsta skuldbindingu gagnvart námi. Nú ári seinna (haust 2021) hafa 37 nemendur í árgangi 2004 hætt í skólanum en 17 nemendur hafa bæst við.

Árgangur 2002

Haustið 2018 hófu 228 nýnemar nám við skólann. Í töflu 3 má sjá afdrif þessara nemenda nú þremur árum síðar. Nemendur skráðir á stúdentsbrautir voru 75 talsins og eru 59 nemendur af þeim útskrifaðir eða 79%. Um 44% af þessum upphaflega hópi er enn í námi nú þremur árum síðar. Það eru 73 nemendur sem hafa hætt námi sem gerir tæp 32%. Það er ekki gott að svo stór hópur hafi hætt námi án þess að ljúka prófi en einhver þeirra gætu hafa farið í nám í öðrum skólum eða verið í vinnustaðarnámi en þá skráist nemandinn sem brotthvarf.

Tafla 5 Nýnemar - haust 2018 - afdrif

	Fjöldi	Hlutfall
Skráðir á stúdentsbrautir	75	32,9%
Útskrifaðir stúdentar á 3 árum	59	25,9%
Enn í skólanum	102	44,7%
Hættir	73	32,0%
Bæst við	9	

Brotthvarf

Skólinn hefur stöðugt verið að leita leiða til að draga úr brotthvarfi og mun halda því áfram.

Allir nemendur á framhaldsskólabrautum eru settir í sér áfanga sem kallast NEMÓ. Þau mæta tvisvar í viku og sjá námsráðgjafar skólans um áfangann. Þeir kenna nemendum m.a. námstækni, skipulag, á INNU og gera námsáætlun allt í því skyni að efla sjálfstraust þeirra gagnvart námi. Einnig eru þessir tímar teknir undir námsver þ.e.a.s. tíma til að vinna heimavinnu. Námsráðgjafar taka alla nemendur í NEMÓ í einstaklingsviðtöl til að efla tengslin við þau og til að heyra hvert þau stefna og hvað skólinn geti gert til að styðja við þau þetta hefur gefist vel og er von skólans að þetta geti leitt til þess að nemendur haldist í námi og hætti ekki.

Á framhaldsskólabraut fornámslínu er mikið utanumhald þar sem áhersla er lögð á að auka sjálfstraust nemenda jafnt í námi sem lífinu sjálfu. Með þessu er vonast til að ná betur til nemenda, efla metnað þeirra og framtíðarsýn svo þau ljúki skilgreindu námi en gefist ekki upp.

Skólinn hefur endurnýjað samning við Skólaskrifstofu Reykjanesbæjar um sálfræðipjónustu fyrir nemendur (hálf stöðugildi).

Í töflu 6 má sjá fjölda þeirra nemenda sem hætta alveg í námi og hlutfall þeirra miðað við fjölda nemenda í skólanum á hverjum tíma. Hlutfall nemenda sem hætta alveg í skóla hefur aukist á tímum heimsfaraldurs og þarf skólinn að hugsa leiðir til að styðja enn betur við nemendur á þessum erfiðu tímum.

Tafla 6 Nemendur sem hættu í skóla

Önn	Fjöldi nemenda	Hlutfall
Vor 2018	56	6,8%
Haust 2018	55	6,0%
Vor 2019	41	5,1%
Haust 2019	30	3,25%
Vor 2020	25	3,6%
Haust 2020	37	3,7%
Vor 2021	42	5,6%

Í töflu 9 má sjá hlutfall nemenda sem eru enn í skóla að fjórum önnum liðnum. Það hefur hækkað sem er jákvætt og gefur okkur vísbendingu um að heldur sé að draga úr brotthvarfi í skólanum og að þær aðgerðir sem skólinn hefur verið að beita séu að skila árangri.

Tafla 7 Staða nemenda tveimur árum eftir innritun

	Fjöldi nýnema	Bæst við síðar	Enn í skóla eftir tvö ár	Hlutfall
Tímabilið 2015-2017	254	22	166	65,4%
Tímabilið 2016-2018	255	16	175	68,9%
Tímabilið 2017-2019	251	22	189	75,3%
Tímabilið 2018-2020	228	19	180	78,9%
Tímabilið 2019-2021	230	18	186	80,9%

Hvatning, hrós og líðan

Til að draga úr brotthvarfi hefur skólinn sett sér viðmið varðandi niðurstöður í kennslumati sem er lagt fyrir nemendur u.þ.b. þriðjungs kennara á hverri önn. Í kennslumatinu eru spurningar um líðan nemenda og hrós og hvatningu kennara og þar hafa verið sett markmið enda eru þessir þættir taldir mikilvægir varðandi brotthvarf nemenda. Í töflu 7 má sjá niðurstöður úr þessum spurningum í kennslumatinu undanfarnar annir. Eins og kemur fram í töflunni þá var kennslumat ekki lagt fyrir þrjár annir í röð þ.e. vor 2019, haust 2020 og vor 2020 vegna COVID-19 faraldursins.

Tafla 8 Kennslumat

	Vor 2018	Haust 2018	Vor 2019	Haust 2019	Vor 2021	Viðmið
Kennslumat almennt	4,35	4,45	4,34	4,36	4,53	4,0
Hvatningin	4,18	4,35	4,26	4,22	4,53	3,8
Hrósið	4,28	4,34	4,29	4,29	4,53	3,8
Líðan	4,37	4,52	4,38	4,35	4,61	4,25

Markmið sem sett voru varðandi hrós, hvatningu og líðan nemenda hefur verið náð og vel það, sem hlýtur að teljast gott í miðjum COVID-19 faraldri.

Nemendur af erlendum uppruna

Nemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað verulega undanfarin ár. Lögð hefur verið sérstök áhersla á að fylgjast með gengi þessara nemenda og styðja við þau. Í skólanum eru nemendur af 23 þjóðernum en tafla 8 sýnir fjölda þeirra nemenda í ÍSAN, sem er íslenska fyrir nemendur með annað móðurmál. Á haustönn 2018 var ráðinn verkefnastjóri í hlutastarf til að halda utan um nemendur af erlendum uppruna og aðstoða þá eftir þörfum til að minnka líkur á að þau gefist upp og hætti í námi. Hlutfall verkefnastjóra var aukið haust 2020 vegna aukinna verkefna og eru miklar líkur á að auka þurfi enn frekar það hlutfall.

Fenginn var styrkur úr þróunarsjóði innflytjandamála til verkefnis sem kallast Suðurnesja-Sprettur en það verkefni snýst um að efla einstaklinga af erlendum uppruna. Verkefnið fór af stað haust 2021 og er gert ráð fyrir að það taki eitt skólaár. Verkefnastjóri nemenda með erlendan uppruna hefur einnig yfirumsjón með Suðurnesja-Spretti.

Tafla 9 Nemendur í ÍSAN

Áfangi	Fjöldi vor 2021	Fjöldi haust 2021
ÍSAN1BE05	5	14
ÍSAN2AB05	15	10
ÍSAN2BS05	8	7
ÍSAN3BÓ05	8	7
ÍSAN3NB05	0	10
Samtals	36	48

Annað

Áfram hefur verið haldið við að endurnýja búnað og tæki svo halda megri öllu í viðunandi horfi. Endurnýjun tölvubúnaðar og húsbúnaðar er sömuleiðis í takti við það sem segir í stefnuskjali og áætlað var.

Skólinn hefur mjög breitt námsframboð sem ætti að henta fyrir flesta. Allar námsbrautir skólans eru komnar inn í grunninn en ein verknámsbraut bíður samþykktar.

Skólinn hefur tekið þátt í því að auglýsa starfsnám með öðrum starfsnámsskólum. Auk þess hefur, í samstarfi við vinnuskólann í Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ, verið boðið uppá smiðjur í verklegum greinum fyrir nemendur í 9. bekkjum grunnskólanna í júní og hefur það gengið vel. Einnig hefur verið boðið uppá verklega áfanga fyrir nemendur í bæði 9. og 10. bekk grunnskólanna í vetur sem eykur enn frekar kynningu á verklegu námi.

Ákveðið hefur verið að birta ekki tölfræði yfir skólasókn þar sem hún þykir ekki marktæk vegna COVID-19 faraldursins.